

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. júlí 2001 samþykkt deiliskipulagið Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð í Fjarðabyggð.

Deiliskipulagið tekur til svæðisins sunnan Norðfjarðarvegar, frá Framnesi og að Hólmum eins og það er afmarkað á skipulagsupprætti.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 30. janúar 2002.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

28. janúar 2002

Nr. 106

REGLUR

um breytingu (7) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Í stað „kr. 25.000“ í 48. gr. reglna nr. 458/2000 komi: kr. 32.500.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, sbr. 5. gr. laga nr. 148/2001 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. janúar 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

25. janúar 2002

Nr. 107

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri afmörkun þéttbýlisins á Hvanneyri þannig að landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri nær yfir stærra svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundahúsa- og ferðaþjónustusvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 6. nóvember 2001, deiliskipulag frístunda- og ferðaþjónustusvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 45 gistiskála, 11 frístundahúsa, þriggja íbúðarhúsa, þjónustuhúsnæðis auk aðstöðu fyrir tjöld, hjólhýsi og húsbíla ásamt vegum og bílastæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 25. janúar 2002.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi árið 2002 í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

	1. gr.	kr.
Framkvæmdarleyfisgjald		4.000
Byggingaleyfisgjald, umfjöllun		4.000
Byggingaleyfisgjald fyrir hvern rúmmetra húss		40
Stöðuleyfisgjald		4.900
	2. gr.	
Úttektargjöld, hver úttekt		4.300